

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 78

94. ár

Föstudaginn 6. júlí 2001

Laus störf

Grunnskólar Reykjavíkur skólaárið 2001–2002.

Álftamýrarskóli, sími 568 6588.

Samfélagsfræði og eðlisfræði á unglingastigi.

Árbæjarskóli, sími 567 2555.

Danska á unglingastigi.

Námsráðgjöf.

Foldaskóli, símar 567 2222 og 898 7211.

Íþróttir.

Sund og íþróttir, 75% staða.

Grandaskóli, sími 898 4936.

Almenn kennsla.

Heimilisfræði, 50% staða.

Íþróttir.

Smíðar.

Hagaskóli, símar 552 5611 og 895 0577.

Eðlisfræði í 8.–10. bekk.

Landafræði í 9. bekk

Sérkennsla í 8.–10. bekk, 50%–66% staða.

Háteigsskóli, sími 530 4300.

Almenn kennsla í 7. bekk.

Kennsla í móttökudeild, 66% staða.

Kennsla á byrjendastigi, 66% staða.

Hlíðaskóli, símar 552 5080 og 565 6268.

Enska í 6.–8. bekk, 50% staða.

Húsaskóli, sími 567 6100.

Almenn kennsla á yngsta stigi, 75–100% stöður.

Almenn kennsla á miðstigi.

Kennsla í 2. bekk til áramóta vegna barns-
burðarleyfis.

Heimilisfræði.

Stærðfræði og raungreinar / tölvur.

Bókasafnsfræðing eða kennara með bóka-
safnsfræðimenntun.

Námsráðgjafi, 70–75% staða.

Ingunnarskóli (Grafarholt), sími 894 1356.

Almenn kennsla á yngsta stigi.

Langholtsskóli, sími 553 3188.

Almenn kennsla á yngsta stigi, 66% stöður.

Tónmennt, 66% staða.

Heimilisfræði, 66–100% staða.

Íþróttir, 50% staða.

Seljaskóli, sími 899 4448.

Eðlisfræði.

Laun skv. kjarasamningum Reykjavíkurborg-
ar við viðkomandi stéttarfélög.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðar-
skólastjórar.

Upplýsingar um grunnskóla Reykjavíkur er
að finna á Netinu undir grunnskolar.is

Umsóknarfrestur rennur út 9. júlí 2001. Um-
sóknir ber að senda í skólana.

Nánari upplýsingar um laus störf og grunn-
skóla Reykjavíkur er að finna á netinu undir
job.is og á grunnskolar.is

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

(9065

Auglýsing

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 27. júní 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

9038)

Auglýsing

frá forsætisráðuneytinu

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra stöfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 28. júní 2001.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

9042)

Kennara vantar að Grunnskóla Húnaþings
vestra.

Um er að ræða kennslu á öllum aldurstigum.
Helstu kennslugreinar eru: Almenn kennsla,
tungumál, raungreinar, list- og verkgreinar, upp-
lýsinga- og tæknimennt og sérkennsla.

Upplýsingar veita: Jóhann Albertsson skóla-
stjóri í síma 451 2226, netfang jalberts@
gauksmyri.is, Þorvarður Guðmundsson formað-
ur fræðsluráðs í síma 898 5154, netfang
thorrig@simnet.is eða skrifstofa Húnaþings
vestra, sími 451 2353. Heimasíða skólans er
http://hvammstangi.ismennt.is.

Grunnskóli Húnaþings vestra.

(9047

Reykjavík.

Laus er til umsóknar staða lögreglufulltrúa
við embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Umsóknum skal skilað til starfsmannastjóra,
Guðmundar M. Guðmundssonar, fyrir 20. júlí
2001, en hann veitir jafnframt nánari upplýs-
ingar um stöðurnar.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjár-
málaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands
lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%.
Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá
Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast
eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar
til greina. Öllum umsóknum verður svarað af
viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um
skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin
af ríkislögreglustjóra.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðu-
blöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum.

Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum,
www.logreglan.is undir liðnum „Eyðublöð“.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja
um.

Reykjavík, 29. júní 2001.

Ríkislögreglustjórinn.

(9048

Stefna

Dómstjóri héraðsdóms Suðurlands,
Ólafur Bórkur Þorvaldsson

gjörir kunnugt: Mér hafa tjáð Atie Bakker, kt.
130664-7099 og Guðfinnur Jakobsson, kt.
131243-7669, Skafttholti, Gnúpverjahreppi að
þau þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Suður-
lands til ógildingar á veðskuldabréfi útgefnu í
Reykjavík 30. júní 1994 en bréfið er tryggt með
veði í íbúð stefnenda sv. hluta í nýju íbúðarhúsi
að Skafttholti í Gnúpverjahreppi, Arnessýslu.

Dómkröfur: Stefnendur gera þær dómkröfur,
að ógilt verði með dómi framangreint veð-
skuldabréf, útgefið í Reykjavík 30. júní 1994 til
handhafa af Waldorfleikskólanum Sólstöfum, kt.
430694-2199, Langholtsvegi 148, Reykjavík.
Bréfið er að fjárhæð kr. 1.300.000, án vaxta og
verðbóta til greiðslu við sýningu, tryggt með 2.
veðrétti í íbúð í sv. hluta í nýju íbúðarhúsi að
Skafttholti í Gnúpverjahreppi samkvæmt veðleyfi
stefnanda sem veitt var með áritun þeirra á skulda-
bréfið. Bréfið var innfært í veðmálabækur hinn 5.
júlí 1994 og hefur þinglýsingarnúmer 1916/1994.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnendur, sem
léðu veð í eign sinni til tryggingar bréfinu, segja

Auglýsing um aðalskipulag Súðavíkurhrepps 1999–2018

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps auglýsir hér með tillögu að aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999–2018, samkvæmt 17. og 18. gr. skipulags- og byggingarlaga með síðari breytingum.

Aðalskipulagstillagan og athugasemdir Skipulagsstofnunar verða til sýnis á skrifstofu Súðavíkurhrepps, Njarðarbraut 14 í Súðavík og í afgreiðslu Ferðapjónustunnar í Reykjanesi, Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, frá og með 6. júlí 2001. Jafnframt er tillagan og athugasemdir Skipulagsstofnunnar birtar á heimasíðu Súðavíkurhrepps www.sudavik.is, ásamt því að þessi gögn liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til föstudagsins 18. ágúst 2001. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests telst samþykkur henni.

Súðavík, 1. júlí 2001.
Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

8766)

Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi

Höepfnersbryggja.

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi Höepfnersbryggju skv. 25. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir aukinni landfyllingu og byggingarreit fyrir nýtt klúbbhús Siglingaklúbbsins Nökkva, auk fleiri aðgerða sem ætlað er að bæta aðstöðu siglingaklúbbsins og auka gildi svæðisins sem almenns útivistarsvæðis.

Tillöguuppdráttur með greinargerð mun hanga uppi almenningi til sýnis í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, næstu 6 vikur frá birtingu þessarar auglýsingar, þ.e. til föstudagsins 17. ágúst 2001, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarbæjar: <http://www.akureyri.is/>

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16.00 föstudaginn 17. ágúst 2001 og skal athugasemdum skilað til Umhverfiseildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Akureyrarbæjar.

9064)

Nauðungarsölur Keflavík

Eftirtalin beiðni um nauðungarsölu til fullnustu kröfu um peningagreiðslu verður tekin fyrir á skrifstofu embættisins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, föstudaginn 3. ágúst 2001 kl. 14.00, hafi hún ekki áður verið felld niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli:	Gerðarbeiðandi:	Fjárhæð kröfu í krónum:
Faxabraut 2, 2. hæð 37% eignarinnar	Gíslína Jóhannesdóttir	Þrotabú Guðfinns Sigurvinssonar og Þróunarsjóður, atvinnutryggdeild	2.197.437

8340)

Keflavík, 18. júní 2001.
Sýslumaðurinn í Keflavík,
Jón Eysteinnsson.

Eskifjörður

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Strandgötu 52, Eskifirði, miðvikudaginn 8. ágúst 2001 kl. 11.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Austurvegur 70, Reyðarfirði	Sigurður Arnórsson	Íbúðalánasjóður	102.713
Bakkavegur 5, Neskaupstað	Nesbakki ehf.	Penninn hf.	106.517
Brekkgata 6, Reyðarfirði	Ingiborg Hansdóttir Beck	Samvinnulífeyrissjóðurinn	2.017.671
Búðavegur 48, efri hæð, Fáskrúðsfirði	Jóhanna Kristín Hauksdóttir, Jóhannes Marteinn Pétursson og Jens Dan Kristmannsson	Íbúðalánasjóður	114.846

8756)

bréfið greitt að fullu en að það hafi glatast og ekki fundist þrátt fyrir mikla eftirgrennslan. Sé stefnendum því nauðsyn að fá bréfið ógilt með dómi til að unnt verði að afmá veðið af eign þeirra.

Lagarök: Stefnendur vísa til ákvæða 120. –121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Framlagning skjala: Við þingfestingu málsins munu stefnendur leggja fram eftirfarandi skjöl:

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað það, er stefnan birtist í.
4. Ljósrit hins glataða veðskuldabréfs.
5. Veðbókavottorð.

Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa undir höndum framangreint veðskuldabréf eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, er háð verður í dómsal héraðsdóms Suðurlands, Austurvegi 4, Selfossi, miðvikudaginn 5. september 2001 kl. 14.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu, en ella má búast við að útivistar-dómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Selfossi, 20. 2001.
Ólafur Börkur Þorvaldsson.

(8749

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-kveðnum þann 11. júní 2001 var bú Mekkano ehf. (áður Gæðamiðlun ehf.), kt. 490594-3879, Pósthússtræti 5–7, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Á árinu 2000 var einkahlutafélagið GSP almannatengsl ehf., kt. 520195-2389 sameinað Gæðamiðlun ehf. sem þar með tók við réttindum og skyldum þess.

Frestdagur við skiptin er 7. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, Reykjavík fimmtudaginn 20. september 2001 kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á fundarstað síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(8321 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-kveðnum þann 30. apríl 2001 voru dánarbú hjónanna Svövu Aradóttur, kt. 070313-5299 sem lést þann 24. september 2000 og Sigurpáls Þorkelssonar, kt. 270214-4959, sem lést þann 3. janúar 1996, sem síðast voru til heimilis að Afla-granda 40, Reykjavík tekin til opinberra skipta og undirritaður skipaður skiptastjóri.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur dánarbúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar undirrituðum skiptastjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

(8322 a

Reykjavík, 11. júní 2001.
Kristinn Bjarnason hrl.

Stjórn Degasoft hf., kt. 630791-1469, gerir kunnugt að með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, hefur hún tekið ákvörðun um að hlutabréf í félaginu verði tekin til raf-rænnar skráningar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi mánu-daginn 22. október 2001 kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000, um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000, um raf-ræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfa-miðstöð.

Í ljósi þess að Degasoft hf. hefur með sam-runu yfirtekið allar skuldbindingar Fjarhönnunar hf., kt. 410391-1399, verða öll áður útgefin hlutabréf Fjarhönnunar hf. tekin til rafrænnar skráningar á nafni Degasoft hf., en þau eru öll í einum flokki auðkennd með raðnúmerum 1-295 og gefin út á nafn hluthafa. Úgáfudags er getið á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofan-greindra hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Degasoft hf. að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til skrifstofu félagsins að Lágmúla 5, 108 Reykjavík. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga tak-mörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við full-gilda reikningsstofnun, sbr. 10. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verð-bréfa, innan þriggja mánað frá síðari birtingu innköllunar þessarar. Gæta skal þess að reikn-ingsstofnun hafi gert aðildarsamning við Verð-bréfaskráningu Íslands hf.

Við rafræna útgáfu ofangreindra hlutabréfa er nafnverð hluta ákveðið ein króna eða margfeldi þar af.

Að lokinni rafrænni skráningu geta hluthafar falið reikningsstofnun sem gert hefur aðildar-samning við Verðbréfaskráningu Íslands hf. umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Hlut-hafar munu fá sendar tilkynningar og reiknings-yfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

Reykjavík, 27. júní 2001.
F.h. Degasoft hf.,
Sverrir Ólafsson.

(9040 a

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands, upp-kveðnum þann 18. maí 2001, var bú Trésmiðj-unnar Birkis ehf., Akranesi, kt. 690698-2269, með skráð lögheimili að Hlíðarvegi 24, Kópa-vogi, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við skiptin er 30. apríl 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfúlýsingar skulu sendar skipta-stjóra að Lágmúla 7, pósthólf 8383, 128 Reykja-vík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 6. hæð, Reykjavík, miðvikudaginn 26. september 2001, kl. 10.00. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Dalbarði 15	Benedikt Jón Hilmarsson	Fjarðabyggð og Íbúðalánasjóður	610.573
⁸⁷⁵⁷⁾			
Hamraborg, félagsheimili, Djúpavogshreppi	Hraunmolinn ehf.	Djúpavogshreppur	10.171.642
⁸⁷⁵⁸⁾			
Hlíðarendavegur 6b, n.h.	Barbara Wojtowicz	Íbúðalánasjóður	416.022
⁸⁷⁵⁹⁾			
Hlíðargata 28, Neskaupstað	Jón Kérúlf Grétarsson og Hólmfríður Vigdís Sævarsdóttir	Íbúðalánasjóður	311.270
⁸⁷⁶⁰⁾			
Miðgarður 4, Neskaupstað	Petra Óladóttir	Íbúðalánasjóður og Kjötkaup hf.	717.870
⁸⁷⁶¹⁾			
Skólavegur 50A, Fáskrúðsfirði	Guðmundur Þorgrímsson	Íbúðalánasjóður	60.030
⁸⁷⁶²⁾			
Starmýri 21-23, n.h. vestur, Neskaupstað	Guðmundur G. Sigurðsson og Linda Rós Guðmundsdóttir	Íbúðalánasjóður og Lífeyrissjóður Austurlands	837.631
⁸⁷⁶³⁾			
Túngata 7	Sigfús Kristinsson	Fjarðabyggð	48.097
⁸⁷⁶⁴⁾			
Þiljuvellir 29, n.h., Neskaupstað	Hjálmar Sveinbjörnsson	Lífeyrissjóður Austurlands	110.981
⁸⁷⁶⁵⁾			
Eskifirði, 25. júní 2001. Sýslumaðurinn á Eskifirði, Inger L. Jónsdóttir.			

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta-fundinn.

Reykjavík, 26. júní 2001.
Halldór H. Backman hdl.,
skiptastjóri.

(9063 a

Eftirtalдар sparisjóðsbækur við Búnaðar-banka Íslands og útibú hans eru glataðar:

Aðalbankinn: Nr. 800299, 206710 og 96481
Akureyri: Nr. 803459 og 803596.
Austurbær: Nr. 75181 og 74709.
Vesturbær: Nr. 812290.
Blönduós: Nr. 245539 og 3698.
Melar: Nr. 2174 og 225479.
Háaleiti: Nr. 14733.
Hveragerði: Nr. 270762.
Mosfellsbær: Nr. 3711.
Vík: Nr. 282617.
Garðabær: Nr. 6457 og 288204.
Seljaútibú: Nr. 2634 og 5539.
Kópavogur: Nr. 298716.
Kringlan: Nr. 9517.
Höfðaútibú: Nr. 800861.
Akranes: Nr. 5744.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 113/1996 er hér með skorað á handhafa nefndra sparisjóðsbóka að segja til sín innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu þessarar auglýsingar.

Reykjavík, 26. júní 2001.
Búnaðarbanki Íslands hf.,
Bentína Pálsdóttir.
Sigríður Stefánsdóttir.

(9044 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum þann 14. júní 2001, var bú Íslenska

myndasafnsins ehf., kt. 601299-5349, Lynghálsi 10, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrota-búinu.

Frestdagur við skiptin er 6. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sín-um fyrir undirrituðum skiptastjóra innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Sundagörðum 2, pósthólf 8975, 128 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Sundagörðum 2, II. hæð, þriðjudaginn 17. september 2001 kl. 9.15. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skipta-fundinn.

(8035 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum þann 14. júní 2001, var bú JPV forlags ehf., kt. 411096-2469, Lynghálsi 10, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-ritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við skiptin er 6. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sín-um fyrir undirrituðum skiptastjóra innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Sundagörðum 2, pósthólf 8975, 128 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Sundagörðum 2, II. hæð, þriðjudaginn 17. september 2001 kl. 9.30. Skrá um lýstar kröfur

Húsbréf

Tuttugasti og fjórði útdráttur í 3. flokki húsbréfa 1994

Innlausnardagur 15. ágúst 2001

5.000.000 kr. bréf

Að þessu sinni voru engin 5.000.000 kr. bréf dregin út.

1.000.000 kr. bréf

94320151	94320338	94320515	94320644	94320880	94321063	94321341	94321749
94320155	94320388	94320569	94320765	94320991	94321158	94321524	94321751
94320288	94320495	94320612	94320783	94321041	94321197	94321643	

100.000 kr. bréf

94350026	94350473	94351511	94352863	94352980	94353353	94353476
94350289	94351487	94352666	94352968	94353109	94353449	94353682

10.000 kr. bréf

94370196	94370924	94371362	94371774	94372116	94372767	94373418	94373590
94370687	94371117	94371771	94372060	94372600	94373228	94373424	

Yfirlit yfir óinnleyst húsbréf:

(8. útdráttur, 15/08 1997)	
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 1.212.813,- 94320784
100.000 kr.	Innlausnarverð 121.281,- 94352663
(13. útdráttur, 15/11 1998)	
10.000 kr.	Innlausnarverð 13.102,- 94370323 94373540
(15. útdráttur, 15/05 1999)	
10.000 kr.	Innlausnarverð 13.613,- 94373768
(20. útdráttur, 15/02 2000)	
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 1.478.443,- 94321354
100.000 kr.	Innlausnarverð 147.844,- 94353312

(23. útdráttur, 15/11 2000)	
100.000 kr.	Innlausnarverð 157.800,- 94350328 94352740
(24. útdráttur, 15/02 2001)	
10.000 kr.	Innlausnarverð 16.032,- 94370315
(25. útdráttur, 15/05 2001)	
1.000.000 kr.	Innlausnarverð 1.654.819,- 94321002 94321391 94321392 94321589
100.000 kr.	Innlausnarverð 165.482,- 94351130 94352742 94353056 94351521 94352912 94353127 94352720 94353044 94353177
10.000 kr.	Innlausnarverð 16.548,- 94371210 94371748 94373147 94371532 94372113

Útdregin óinnleyst húsbréf bera hvorki vexti né verðbætur frá innlausnardegi. Því er áriðandi fyrir eigendur þeirra að innleysa þau nú þegar og koma andvirði þeirra í arðbæra ávöxtun. Húsbréf eru innleyst í öllum bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum.



8023)

Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 - 105 Reykjavík - Sími 569 6900 - Fax 569 6800

mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(8036 b)

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 14. júní 2001, var bú Sögusteins ehf., kt. 451296-2219, Lynghálsi 10, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við skiptin er 6. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Sundagörðum 2, pósthólf 8975, 128 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Sundagörðum 2, II. hæð, þriðjudaginn 17. september 2001 kl. 9.45. Skrá um lýstar kröfur

mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(8037 b)

Reykjavík, 15. júní 2001.
Helgi Jóhannesson hrl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 1. júní 2001, var bú Genealogia Islandorum hf., kt. 570599-2759, Lynghálsi 10, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við skiptin er 1. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Sundagörðum 2, pósthólf 8975, 128 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum

búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Sundagörðum 2, II. hæð, mánudaginn 17. september 2001 kl. 9.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 6. júní 2001.
Helgi Jóhannesson hrl.

(8611 b)

Skiptafundur

Skiptafundur í þrotabúi Fiskverkunar Lilju ehf., kt. 700399-3709, Strandgötu 6, 245 Sandgerði, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra að Hafnargötu 29, II. hæð í Keflavík, Reykjanesbæ föstudaginn 20. júlí kl. 10.00.

Ef skiptastjóra berast ekki ábendingar um eignir í síðasta lagi á þeim fundi verður skiptum þar lokið, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991.

Keflavík, 16. júní 2001.
Ásbjörn Jónsson hdl.

(8339)

Fyrirtækjaskrá

Samrunatilkynningar

Hlutfélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjöllum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl. **Yfirtökufélag:** Íslensk-ameríska verslunarfélagið ehf., kt. 660169-1729, Tunguhálsi 11, 110 Reykjavík.

Yfirtekið félag: Kexverksmiðjan Frón ehf., kt. 560169-6399, Skúlagötu 28, 101 Reykjavík.

Uppgjörsgdagur: 1. janúar 2001. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið.

Endurgjald: Yfirtökufélag er eigandi að öllu hlutafé í yfirtekna félaginu og er því ekki um endurgjald að ræða. Við samrunann renna eignir og skuldir yfirtekna félagsins inn í yfirtökufélagið og koma í stað hlutfjáreignar í yfirtekna félaginu.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. ehfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

(8770)

Hlutfélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjöllum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr. hfl. **Yfirtökufélag:** Vífilfell hf., kt. 470169-1419 Stuðlahálsi 1, 110 Reykjavík.

Yfirtekið félag: Sól-Víking hf., kt. 610793-2159, Þverholti 19-21, 105 Reykjavík.

Uppgjörsgdagur: 1. janúar 2001. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna

og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 124. gr. hfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

Hagstofa Íslands.
Hlutfélagaskrá.

(9045

Fyrirtækjaskrá
Nýskráningar

Félagið heitir: Þjónusta og ráðgjöf ehf.
Kt.: 520201-2110.
Heimili og varnarþing: Espigerði 14, 108 Reykjavík.
Dagsetning samþykktar er: 1. febrúar 2001.
Stofnandi: Ólafur H. Sveinbjörnsson, kt. 051165-3499, Espigerði 14, 108 Reykjavík.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 1. febrúar 2001:.
Stjórnarmaður: Ólafur H. Sveinbjörnsson.
Varamaður: Sigurður K. Sveinbjörnsson, kt. 220860-3619, Laufásvegi 19, 101 Reykjavík.
Firmað ritar: Stjórnarmaður.
Prókúruumboð: Ólafur H. Sveinbjörnsson.
Skoðunarmenn/endurskoðendur: Ingimundur Helgason, kt. 170462-4409, Rjúpnahæð 2, 210 Garðabæ og Jón Sigurðsson, kt. 110950-2259, Selbraut 10, 170 Seltjarnarnesi.
Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er hönnun, þróun og sala hugbúnaður. Þjónusta og ráðgjöf. Kaup, sala og rekstur fasteigna og annarra rekstrarfjármuna.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6665

Félagið heitir: Nova-Bossanova ehf.
Kt.: 520201-2380.
Heimili og varnarþing: Ásvallagötu 11, 101 Reykjavík.
Dagsetning samþykktar er: 7. febrúar 2001.
Stofnandi: Ragnheiður Hrafnkelsdóttir, kt. 230853-3209, Ásvallagötu 11, 101 Reykjavík.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 7. febrúar 2001:.
Stjórnarmaður: Ragnheiður Hrafnkelsdóttir.
Varamaður: Ívar Valgarðsson, kt. 091054-3299, Ásvallagötu 11, 101 Reykjavík.
Firmað ritar: Stjórnarmaður.
Framkvæmdastjórn og prókúruumboð: Ragnheiður Hrafnkelsdóttir.
Skoðunarmaður/endurskoðandi: Reynir Ragnarsson, kt. 061247-7269, Staðarseli 5, 109 Reykjavík.
Hlutfé: 2.000.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er innflutningur og smásala á skóm og fylgihlutum.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6666

Félagið heitir: Velkomin ehf.
Kt.: 520201-2540.
Heimili og varnarþing: Austurvegi 3, 800 Selfossi.
Dagsetning samþykktar er: 8. febrúar 2001.
Stofnendur: Hafdís Edda Sigfúsdóttir, kt. 051174-5939, Grenigrund 29, 800 Selfossi og Halldór Björnsson, kt. 210472-4609, s.st.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 8. febrúar 2001:.
Stjórnarmaður: Halldór Björnsson.
Varamaður: Hafdís Edda Sigfúsdóttir.

Fyrirtækjaskrá
Aukatilkynningar

Eftirtalin hlutfélög og einkahlutafélög hafa sent hlutafélagaskrá tilkynningar í febrúar 2001, samanber skýringar á táknum hér að neðan:

Nafn	Heimili	Kennitala	Tilk.atríði
Oddur hugverk ehf. 6900)	Blásölum 16, Kópavogi	410299-2409	G
ICM upplýsingatækni ehf. (áður September ehf.) 6901)	Grensásvegi 7, Reykjavík	700797-3179	ACDFHKL
Pharmaco hf. 6902)	Hörgatúni 2, Garðabæ	500269-7319	B
Fjárfestingarfélagið ehf. 6903)	Þinghólsbraut 15, Kópavogi	440196-3149	A
Brestir ehf. (áður Budweiser umboðið ehf.) 6904)	Logafold 78, Reykjavík	531189-1679	F
Askja ehf. 6905)	Köllunarklettsvegi 1, Reykjavík	430169-2119	ACDEK
Eltak ehf. 6906)	Síðumúla 13, Reykjavík	680191-1159	ABDE
Landsteinar Íslands hf. 6907)	Grjóthálsi 5, Reykjavík	420190-1079	ABCDK
Digitalis ehf. 6908)	Lynghálsi 1, Reykjavík	590399-3029	ACDEGK
Valbær ehf. 6909)	Lerkilundi 27, Akureyri	610289-1429	ACDE
Laser-Sjón ehf. 6910)	Ármúla 24, Reykjavík	540600-2950	AB
Bílasalan Grófinni ehf. 6911)	Grófinni 8, Keflavík	420799-2689	ADE
Vestmark ehf. 6912)	Aðalstræti 11, Ísafirði	701274-0169	A
U-NIK International Ísland ehf. 6913)	Skútuvogi 6, Reykjavík	460300-3630	ADG
Veitingahúsið Austurvöllur ehf. 6914)	Austurstræti 12a, Reykjavík	551096-2389	AD
Eignarhaldsfélag V.G.V. ehf. 6915)	Fífumýri 14, Garðabæ	640100-3110	AD
Bátasmiðja Guðgeirs ehf. (áður Guðgeir Svavarsson ehf.) 6916)	Jörundarholti 12, Akranesi	610599-3629	F
Frostið ehf. 6917)	Ráðhústorgi 1, Akureyri	431293-2779	ACDK
Norma ehf. 6918)	Hafnarstræti 92, Akureyri	490269-4529	ACD GK
Verkfræðistofa Reykjavíkur ehf. 6919)	Álftamýri 20, Reykjavík	430986-1129	A
Hraunafiskur ehf. 6920)	Borgarbraut 1, Grundarfirði	710101-2990	ACDG
Eipóra ehf. (áður Tannlæknastofa Einars Þ. Rafnssonar ehf.) 6921)	Hornbrekku, Ólafsfirði	621298-3489	F
Ráðabót ehf. 6922)	Grjótaseli 11, Reykjavík	660500-2190	D
Áfram gengur hjá Binna ehf. 6923)	Kársnesbraut 100, Kópavogi	600194-2169	A
Fasteignafélag Íslands hf. 6924)	Hæðasmára 6, Kópavogi	430700-3590	B
Góðan daginn ehf. 6925)	Grensásvegi 10, Reykjavík	630589-1509	ADK
Valeik ehf. 6926)	Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði	680488-1859	A
Allt klárt ehf. 6927)	Nýbýlavegi 64, Kópavogi	570300-3260	ACDG
Origo Gamli hf (áður Origo hf) 6928)	Ártorgi 1, Sauðárkróki	610599-2229	AF

Nafn	Heimili	Kennitala	Tilk.atríði	
Origo ehf. (áður Skyggvir ehf. upplýsingaþjónusta) 6929)	Mörkinni 6, Reykjavík	600600-2220	FH	<i>Firmað ritar:</i> Stjórnarmaður. <i>Prókúruumboð:</i> Hafdís Edda Sigfúsdóttir og Halldór Björnsson. <i>Skoðunarmenn/endurskoðendur:</i> Conny Skaale, kt. 280547-8249, Þórsmörk 3, 800 Selfossi og Hlöðver Örn Rafnsson, kt. 230254-3389, Hrauntjörn 2, 800 Selfossi. <i>Hlutfé:</i> 500.000 kr. <i>Tilgangur:</i> Tilgangur félagsins er almennur verslunarrekstur, smásala og heildsala, innflutningur, lánastarfsemi og rekstur fasteigna og annar skyldur rekstur. <i>Hömlur á meðferð hlutabréfa:</i> Já. <i>Lausnarskylda á hlutum:</i> Nei.
Vigor ehf. (áður Hugbúnaðarlind ehf.) 6930)	Mörkinni 4, Reykjavík	591200-4450	F	
Skinnaíðnaður hf. 6931)	Gleráreyrum, Akureyri	661093-2509	ABEK	
Viðhalds- og Iðnaðartækni ehf. 6932)	Flatahrauni 21, Hafnarfirði	650101-2860	AB	
G. P. G. fiskverkun ehf. 6933)	Suðurgarði, Húsavík	711097-2609	ABCDE	
Bessi hf. 6934)	Sóleyjargötu 8, Vestmannaeyjum	620269-1159	B	(6667
GMi Digital ehf. 6935)	Víkurbraut 4, Höfn í Hornafirði	450700-2580	ABH	
Erlingur ehf. 6936)	Strandgötu 14, Sandgerði	481196-2489	ACDG	
Taugagreining hf. 6937)	Ármúla 10, Reykjavík	541087-1179	B	
Rá ehf. 6938)	Bolholti 6, Reykjavík	660101-2920	B	
Salon Ritz ehf. (áður Edna ehf.) 6939)	Laugavegi 66, Reykjavík	610800-2030	F	
Sero ehf. 6940)	Hólabraut 1, Skagaströnd	550999-2349	C	
Ferðavörur ehf. (áður Samsonite á Íslandi ehf.) 6941)	Skeifunni 7, Reykjavík	420200-2690	F	
Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. 6942)	Sóltúni 26, Reykjavík	691282-0829	ACD	
Landnáma ehf. 6943)	Vesturgötu 5, Reykjavík	690496-2759	A	
Litli Jón ehf. 6944)	Austurvegi 22, Selfossi	640397-2339	ACDE	
Nordial á Íslandi hf. 6945)	Köllunarklettsvegi 2, Reykjavík	560500-3350	A	
i7 hugbúnaður hf. 6946)	Hlíðasmára 17, Kópavogi	421199-2219	B	
Hellir hf. 6947)	Austurvegi 44, Selfossi	700687-1209	A	
Eignarhaldsfélagið Grandagarður 8 ehf. (áður ICEMAC ehf.) 6948)	Grandagarði 8, Reykjavík	470693-2669	ABEFGHK	
Eignarhaldsfélagið Hof hf. 6949)	Kringlunni 4-12, Reykjavík	681299-3359	ADKS	
Holt ehf. 6950)	Eikjuvogi 23, Reykjavík	670197-2559	A	
Baltík ehf. 6951)	Hafnarstræti 9, Reykjavík	650199-2279	D	
Stjórn tækni ehf. 6952)	Selbrekku 22, Kópavogi	660271-0159	ABCDE	
Videoleigan Heimaval ehf. 6953)	Ægisgötu 10, Ólafsfirði	560498-2259	AD	
Trévirki ehf. 6954)	Skeifunni 3, Reykjavík	520165-0109	ACDEL	
Maskina ehf. 6955)	Austurstræti 16, Reykjavík	460700-3370	CD	
Lokkur ehf. 6956)	Breiðumörk 2, Hveragerði	621200-3210	B	
Netvís ehf. 6957)	Kringlunni 8-12, Reykjavík	440794-2549	B	
Miðhraun 2-4 ehf. 6958)	Hamraborg 7, Kópavogi	600300-2020	ACDEGHK	
Saltarinn ehf. 6959)	Hvaleyjarbraut 2, Hafnarfirði	620799-2899	A	
Bær ehf. 6960)	Dofraborgum 19, Reykjavík	490970-0379	ACDEFGHK	<i>Firmað rita:</i> Stjórnarmaður. <i>Prókúruumboð:</i> Halldór Hróarr Sigurðsson. <i>Skoðunarmaður/endurskoðandi:</i> Eyvindur Albertsson, kt. 071055-3029, Bæjartúni 9, 200 Kópavogi. <i>Hlutfé:</i> 500.000 kr.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er hrossarækt og ýmis starfsemi sem tengist íslenska hestinum, rekstur eigna og annar skyldur atvinnurekstur.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6669)

Félagið heitir: **Elás ehf.**
Kt.: 520201-3190.
Heimili og varnarþing: **Hvaleyrarbraut 2, 220 Hafnarfirði.**
Dagsetning samþykktar er: 7. febrúar 2001.
Stofnendur: Árni Matthías Sigurðsson, kt. 210550-2249, Norðurvangi 24, 220 Hafnarfirði og Elinóra Inga Sigurðardóttir, kt. 201254-4509, Sogavegi 194, 108 Reykjavík.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 7. febrúar 2001.:
Formaður stjórnar: Elinóra Inga Sigurðardóttir.
Meðstjórnendur: Árni Matthías Sigurðsson og Júlíus Valsson, kt. 231053-2049, Sogavegi 194, 108 Reykjavík.

Firmað rita: Tveir stjórnarmenn saman.
Framkvæmdastjórn: Árni Matthías Sigurðsson.
Prókúruumboð: Árni Matthías Sigurðsson og Elinóra Inga Sigurðardóttir.
Skoðunarmenn/endurskoðendur: Birgir Hermannsson, kt. 081240-7799, Háaleitisbraut 30, 108 Reykjavík og Elva Ólafsdóttir, kt. 101042-3249, s.st.

Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er að þróa, framleiða, selja og dreifa snakki fyrir gæludýr og menn. Rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6670)

Félagið heitir: **Systrakaffi ehf.**
Kt.: 530201-2010.
Heimili og varnarþing: **Klausturvegi 13, 880 Kirkjubæjarklaustri.**
Dagsetning samþykktar er: 11. febrúar 2001.
Stofnendur: Alexander G. Alexandersson, kt. 230665-3389, Skaftárvöllum 2, 880 Kirkjubæjarklaustri, Margrét Sigurbjörnsdóttir, kt. 271060-2119, s.st., Björgvin Karl Harðarson, kt. 071257-4449, Hunkubökkum, 880 Kirkjubæjarklaustri, Björk Ingimundardóttir, kt. 291159-3389, s.st.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 11. febrúar 2001.:
Formaður stjórnar: Alexander G. Alexandersson.
Meðstjórnandi: Björgvin Karl Harðarson.
Varastjórn: Björk Ingimundardóttir og Margrét Sigurbjörnsdóttir.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.
Prókúruumboð: Alexander G. Alexandersson, Björgvin Karl Harðarson, Björk Ingimundardóttir og Margrét Sigurbjörnsdóttir.
Skoðunarmenn/endurskoðendur: Eiður Björn Ingólfsson, kt. 240765-4469, Skaftárvöllum 10, 880 Kirkjubæjarklaustri og Jón Stefán J. Árnason, kt. 310353-2489, Skaftárvöllum 2a, 880 Kirkjubæjarklaustri.

Hlutfé: 2.200.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er að stunda veitingarekstur hverskonar.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6671)

Félagið heitir: **Nexus Arkitektar ehf.**
Kt.: 530201-2280.
Heimili og varnarþing: **Heiðargerði 33, 108 Reykjavík.**
Dagsetning samþykktar er: 10. febrúar 2001.
Stofnandi: Ívar Örn Guðmundsson, kt. 130865-3489, Erluhólum 2, 111 Reykjavík.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 10. febrúar 2001.:

Nafn	Heimili	Kennitala	Tilk.atríði
Netbókhald.is ehf. (áður Nýr bókari.is ehf.) ⁶⁹⁶¹⁾	Ármúla 8, Reykjavík	580174-0439	F
Jón Carl Friðrik ehf. ⁶⁹⁶²⁾	Hverfisgötu 20, Reykjavík	480598-2299	ACH
Samspil ehf. ⁶⁹⁶³⁾	Síðumúla 21, Reykjavík	701292-3679	J
Málmyndir ehf. ⁶⁹⁶⁴⁾	Síðumúla 21, Reykjavík	540593-2219	J
A = tilkynning er varðar stjórn B = tilkynning er varðar hlutfé C = tilkynning er varðar framkvæmdastjórn D = tilkynning er varðar prókúruumboð E = tilkynning er varðar endurskoðun F = tilkynning er varðar nafn G = tilkynning er varðar heimilisfang H = tilkynning er varðar tilgang	J = tilkynning um afskráningu K = tilkynning er varðar firmarítun L = tilkynning er varðar viðskiptahömlur hlutabréfa M = tilkynning er varðar útibú N = tilkynning er varðar umboð O = tilkynning er varðar lausnarskyldu P = tilkynning er varðar útibússtjóra erlends hlutafélags R = breyting hlutafélags í einkahlutafélag S = breyting einkahlutafélags í hlutafélag		

Hagstofa Íslands.

Stjórnarmaður: Ívar Örn Guðmundsson.
Varamaður: Guðrún Jóhannsdóttir, kt. 181130-4669, Heiðargerði 33, 108 Reykjavík.
Firmað ritar: Stjórnarmaður.
Framkvæmdastjórn og prókúruumboð: Ívar Örn Guðmundsson.
Skoðunarmaður/endurskoðandi: Lárus Halldórsson, kt. 120145-2829, Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík.
Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur arkitektastofu.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6672)

Félagið heitir: **Innrömmun allra ehf.**
Kt.: 530201-2360.
Heimili og varnarþing: **Ármúla 20, 108 Reykjavík.**
Dagsetning samþykktar er: 9. febrúar 2001.
Stofnendur: Anna Eyberg Hauksdóttir, kt. 131171-4209, Hringbraut 68, 220 Hafnarfirði, Viðar Rúnar Guðnason, kt. 300771-5649, s.st., Ragnhildur Ágústsdóttir, kt. 090262-5139, Birkigrund 45, 200 Kópavogi og Sæmundur Guðlaugsson, kt. 110661-2319, s.st.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 9. febrúar 2001.:
Formaður stjórnar: Anna Eyberg Hauksdóttir.
Meðstjórnandi: Ragnhildur Ágústsdóttir.
Varastjórn: Sæmundur Guðlaugsson og Viðar Rúnar Guðnason.

Firmað rita: Tveir stjórnarmenn saman.
Framkvæmdastjórn: Ragnhildur Ágústsdóttir.
Prókúruumboð: Anna Eyberg Hauksdóttir, Ragnhildur Ágústsdóttir, Sæmundur Guðlaugsson og Viðar Rúnar Guðnason.
Skoðunarmaður/endurskoðandi: KPMG Endurskoðun hf., kt. 590975-0449, Vegmúla 3, 108 Reykjavík.
Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er verslun, innrömmunarþjónusta og skyld starfsemi.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6673)

Félagið heitir: **Blikamýri ehf.**
Kt.: 530201-2440.

Heimili og varnarþing: **Réttarholti 4, 310 Borgarnesi.**
Dagsetning samþykktar er: 2. janúar 2001.
Stofnendur: Óskar Þór Óskarsson, kt. 101151-2989, Réttarholti 4, 310 Borgarnesi og Sigurbjörg Helgadóttir, kt. 021250-2449, s.st.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 2. janúar 2001.:
Formaður stjórnar: Sigurbjörg Helgadóttir.
Meðstjórnandi: Óskar Þór Óskarsson.
Varastjórn: Katrín Helga Óskarsdóttir, kt. 140380-5989, Réttarholti 4, 310 Borgarnesi.
Firmað rita: Tveir stjórnarmenn saman.
Framkvæmdastjórn: Óskar Þór Óskarsson.
Prókúruumboð: Óskar Þór Óskarsson og Sigurbjörg Helgadóttir.
Skoðunarmenn/endurskoðendur: Bókhalds- og tölvuþjónustan sf., kt. 630288-1269, Böðvarsgötu 11, 310 Borgarnesi, Snorri Elmarsson, kt. 210180-6219, Vallarbraut 15, 300 Akranesi og Sonja Guðlaugsdóttir, kt. 120636-3759, Böðvarsgötu 11, 310 Borgarnesi.
Hlutfé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er vélaleiga, kynningarstarfsemi svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6674)

Félagið heitir: **Kráká ehf.**
Kt.: 530201-2870.
Heimili og varnarþing: **Höfða 2, 640 Húsavík.**
Dagsetning samþykktar er: 3. ágúst 2000.
Stofnendur: Friðfinnur Hermannsson, kt. 040663-5689, Árholti 8, 640 Húsavík, Hannes Höskuldsson, kt. 080956-4959, Urðargerði 1, 640 Húsavík, Helgi Ómar Pálsson, kt. 170462-4759, Árholti 10, 640 Húsavík, Sigurgeir Höskuldsson, kt. 260968-3279, Grundargarði 13, 640 Húsavík og Skipaafgreiðsla Húsavíkur ehf., kt. 440684-1069, Höfða 2, 640 Húsavík.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 3. ágúst 2000.:
Formaður stjórnar: Helgi Ómar Pálsson.
Meðstjórnendur: Friðfinnur Hermannsson og Hannes Höskuldsson.
Varastjórn: Elfa Signý Jónsdóttir, kt. 120357-2209, Urðargerði 1, 640 Húsavík og

Auglýsing um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar eftirtaldar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík:

Barónsstígur, Hverfisgata, Vitastígur, Skúlagata, breyting á deiliskipulagi.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi svæðis er afmarkast af Barónsstíg í austur, Hverfisgötu í suður, Vitastíg í vestur og Skúlagötu í norður. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að heimilt verði að byggja ofan á nyrstu húsin á reitnum, niðurrifi hluta bygginga við Skúlagötu 26, 28 og Vitastíg 3, tveggja hæða nýbyggingum á lóðunum nr. 85-91 við Hverfisgötu og Vitastíg 5 og bílakjallara á þremur hæðum.

Suðurgata, Túngata, breyting á deiliskipulagi Suðurgötu.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi svæðis er afmarkast af Suðurgötu í austur, Kirkjugarðsstíg í suður, Garðastræti í vestur og Túngötu í norður. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að heimilt verði að byggja bílgeymslu, sem að mestu verður neðanjarðar, fyrir allt að 207 bíla, undir lóðirnar nr. 2-8b við Suðurgötu. Hluti bílgeymslunnar verður undir Suðurgötu og Túngötu og hluti hennar teygir sig út fyrir skipulagssvæðið þ.e. undir lóðir við Aðalstræti og lóðir við Túngötu norðanverða. Sá hluti bílgeymslunnar, sem er utan skipulagssvæðisins, er hins vegar innan deiliskipulagstillögu sem unnin hefur verið af Grjótaþorpi en hún er til kynningar á sama tíma.

Kvos/Grjótaþorp, breyting á deiliskipulagi Kvosarinnar og nýtt deiliskipulag fyrir Grjótaþorp.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar og nýtt deiliskipulag fyrir Grjótaþorp. Skipulagssvæðið afmarkast af Aðalstræti í austur, Túngötu í suður, Garðastræti í vestur og Vesturgötu í norður. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að svæðið verði hverfisverndað, nokkrar breytingar verði á lóðamörkum, töluverðar breytingar verði á byggingaráformum á lóðinni nr. 16 við Aðalstræti (áður Aðalstræti 14-18/Túngata 2-4), niðurrifi og nýbyggingum á lóðunum nr. 4 og 10 við Aðalstræti og 23 við Garðastræti, viðbyggingu við Húsið að Grjótagötu nr. 5, ásamt frekari takmörkun á landnotkun á miðborgarhluta svæðisins þannig að óheimilt verði að setja á stofn eða starfrækja þar: næturklúbba, dansstaði, skemmtistaði og spilasali. Verði tillagan samþykkt fellur eldra deiliskipulag Grjótaþorps úr gildi svo og hluti deiliskipulags Kvosarinnar, þ.e. sá hluti sem tekur til húsanna vestan Aðalstrætis.

Tillögurnar liggja frammi í sal Borgarskipulags og byggingarfulltrúa í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 10.00–16.00 frá 6. júlí til 3. ágúst 2001. Eru hagsmunaaðilar hvattir til að kynna sér þær ítarlega. Ábendingum og athugasemdum skal skila skriflega til Borgarskipulags Reykjavíkur eigi síðar en 17. ágúst 2001.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 29. júlí 2001.
Borgarskipulag Reykjavíkur.

9049)

Þuríður Sigurðardóttir, kt. 110963-2629, Árholti 10, 640 Húsavík.
Firmað rita: Tveir stjórnarmenn saman.
Framkvæmdastjórn og prókúruumboð: Sigur-geir Höskuldsson.
Skoðunarmaður/endurskoðandi: Björn Steindór Haraldsson, kt. 270950-2569, Uppsalaavegi 23, 640 Húsavík.
Hlutafé: 15.000.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup og sala verðbréfa, rekstur fasteigna, kaup og sala eigna, lánastarfsemi, útgáfustarfsemi, inn- og útflutningur og önnur skyld starfsemi.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6675

Félagið heitir: **Pólsk íslenska viðskiptastofan Plís ehf.**
Kt.: 530201-2950.
Heimili og varnarþing: **Svalbarði 15, 220 Hafnarfirði.**
Dagsetning samþykktar er: 11. febrúar 2001.
Stofnandi: Iwona Lesniak, kt. 291172-2109, Svalbarði 15, 220 Hafnarfirði.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 11. febrúar 2001.:
Stjórnarmaður: Iwona Lesniak.
Varamaður: Rafal Andrzej Lesniak, kt. 240472-2449, Svalbarði 15, 220 Hafnarfirði.
Firmað ritar: Stjórnarmaður.
Framkvæmdastjórn: Iwona Lesniak.
Prókúruumboð: Iwona Lesniak og Rafal Andrzej Lesniak.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: ER ehf. - endursk. og reikningsskil, kt. 691288-1969, Bæjarhrauni 20, 220 Hafnarfirði.
Hlutafé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er viðskiptamiðlun milli Póllands og Íslands á byggingar-efni, innréttingum, sumarhúsum og ýmsum öðrum vörum, inn- og útflutningur, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6676

Félagið heitir: **Undirföt.is ehf.**
Kt.: 540201-2260.
Heimili og varnarþing: **Álakvísl 7a, 110 Reykjavík.**
Dagsetning samþykktar er: 12. febrúar 2001.
Stofnendur: Magnús Geirsson, kt. 300961-5849, Álakvísl 7a, 110 Reykjavík og Vala Margrét Grétarsdóttir, kt. 120368-3629, s.st.
Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 12. febrúar 2001.:
Stjórnarmaður: Magnús Geirsson.
Varamaður: Vala Margrét Grétarsdóttir.
Firmað ritar: Stjórnarmaður.
Framkvæmdastjórn: Vala Margrét Grétarsdóttir.
Prókúruumboð: Magnús Geirsson og Vala Margrét Grétarsdóttir.
Skoðunarmenn/endurskoðendur: Magdalena Lára Gestsdóttir, kt. 071057-5189, Brekkubæ 19, 110 Reykjavík og Sigríður Jóna Friðriksdóttir, kt. 271053-2909, Baughúsum 22, 112 Reykjavík.

Hlutafé: 500.000 kr.
Tilgangur: Tilgangur félagsins er innflutningur, heildsala, smásala og skyldur rekstur, ásamt tilheyrandi eignum og lánastarfsemi.
Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.
Lausnarskylda á hlutum: Nei.

(6677

Happdrætti

Dregið hefur verið í happdrætti Slysavarnardeildarinnar Ránar, Seyðisfirði:

- vinningur kom á miða nr. 070
- vinningur kom á miða nr. 024
- vinningur kom á miða nr. 155
- vinningur kom á miða nr. 032
- vinningur kom á miða nr. 001

Seyðisfirði, 11. júní 2001.
Bryndís Aradóttir.
Sími 472-1273.

(8647

Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.

Menntamálaráðherra hefur skipað Hörð Ó. Helgason skólameistara Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi til fimm ára, frá 15. júní 2001 eða telja sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og 1. mgr. 23. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Menntamálaráðherra hefur skipað Ólínu Þorvarðardóttur skólameistara Menntaskólans á Ísafirði til fimm ára, frá 1. ágúst 2001 eða telja sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og 1. mgr. 23. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Menntamálaráðuneytinu,
22. júní 2001.

(8646

Lögbirtingablað,

78. tölublað 2001.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins og ábyrgðarmaður.

Eygló Halldórsdóttir

